Upplýsingapóstur vegna Grindavíkur

Til	:	Samband íslenskra sveitarfélaga <samband@samband.is>
Frá	:	Samband íslenskra sveitarfélaga <samband@samband.is>
Heiti	:	Upplýsingapóstur vegna Grindavíkur
Málsnúmer	:	23111208
Málsaðili	:	Samband íslenskra sveitarfélaga
Skráð dags	:	17.11.2023 16:04:59
Höfundur	:	Samband íslenskra sveitarfélaga <samband@samband.is>
Viðhengi	:	image001.gif

Kæra sveitastjórnarfólk

Hugur okkar allra er hjá Grindvíkingum þessa dagana og fjölskyldum sem hafa þurft að yfirgefa heimili sín í mikilli óvissu og vita ekki hvenær þau geta snúið til baka. Það hefur verið aðdáunarvert að fylgjast með viðbrögðum samfélagsins í Grindavík og samheldni. Við sendum þeim okkar bestu óskir í þessu stóra verkefni.

Hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga stendur nú yfir ýmiskonar vinna vegna stöðunnar sem upp er komin í Grindavík, og okkur langaði að upplýsa ykkur um þá vinnu. Á sunnudaginnboðuðum við til fundar með fulltrúum sveitar- og bæjarstjórna víðsvegar um landið, ásamt fulltrúum almannavarna og ríkisins vegna stöðunnar í Grindavík. Aðalefni fundarins var að ræða stöðu þeirra einstaklinga sem neyddust til þess að flýja heimili sín um helgina og hvernig viðbragðsaðilar geti samræmt sín viðbrögð og brugðist sem best við. Fundurinn hafði einnig þann tilgang að hvetja sveitarfélögin í landinu til að leggja Grindvíkingum lið eftir getu og möguleikum. Óhætt er að segja að sveitarfélög um allt land hafi tekið vel í þá ósk og hafa mörg þegar sett af stað aðgerðir.

Sambandið hefur verið í góðu sambandi við Grindvíkinga í vikunniog hefur aðstoðað við að taka saman upplýsingar og styðja við sveitarfélagið í þeim verkefnum sem snúa að skóla og velferðarmálum. Starfs fólk frá okkur er til dæmis í teymum sem hafa verið stofnuð af mennta- og barnamálaráðuneytinu vegna skólamála og innviðaráðuneytinu vegna húsnæðismála. Við höfum þannig safnað upplýsingum frá sveitarfélögum um húsnæði sem hægt er að leigja. Hægt er að senda innupplýsingar um húsnæði hér. Þá eru fulltrúar sambandsins í ýmsum öðrum teymumsem miða fyrst og fremst að því að styðja við Grindvíkinga og höfum við unnið það í góðu samstarfi við önnur sveitarfélög og ráðuneyti.

Auk þess höfum við unnið að því að taka saman ýmsar upplýsingar sem sveitarstjórn Grindavíkur hefur beðið okkur um að taka saman. Þar er um að ræða alls kyns hagnýtar upplýsingar og tæknileg atriði fyrir sveitarstjórnina.

Vegna fjarveru starfsfólks sem búsett er í Grindavík

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Í gildi er neyðarstig Almannavarna fyrir Grindavík. Íbúum Grindavíkurbæjar var gert skylt að yfirgefa bæinn þann 10. nóvember sl. og hafa því ekki að svo stöddu búsetu á sínu heimili. Einnig er óljóst hvenær þeir fá að snúa aftur heim. Vegna þessa ástands hefur orðið mikið rask á lífi íbúa og margir glíma við afar erfiðar aðstæður og þurfa fyrst og fremst að sinna fjölskyldum sínum.

Samband íslenskra sveitarfélaga beinir þeim tilmælum til sveitarfélaga að koma, eins og kostur er, til móts við þarfir þess starfsfólks sem sem á heimili í Grindavík og hefur að svo stöddu ekki tök á að mæta til vinnu vegna þessara aðstæðna. Mælt er með því að veita starfsfólkinu tímabundið launað leyfi frá störfum óski það þess.

Þar sem mikil óvissa ríkir um þróun mála í Grindavík verði staðan reglulega endurmetin í ljósi aðstæðna.

Þessi staða minnir okkur á hversu mikilvæg grunnþjónusta sveitarfélaganna er og þegar ríður á er samstarfsnet sveitarfélaganna um landið sterkt þegar á þarf að halda. Aðalatriðið er að standa með Grindvíkingum og þar ráð stjórnvöld ferðinni en við erum þeim til aðstoðar við að þjónusta sitt fólk.

Með bestu kveðju,

Heiða Björg Hilmisdóttir, formaður Samands íslenskra sveitarfélagaBorgartúni 30, pósthólf 8100 128 ReykjavíkSími: 515 4900 // Fax: 515 4903www.samband.is

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026